

HAFNARSJÓÐUR SKAGAFJARÐAR

Háeyri 2 550 Sauðárkrókur. S: 453 5169 F: 453 5248 Netf.: hofnin@skagafjordur.is Kt.: 680371-0919 Vsknr.: 79495

Skagafjarðarhafnir.



VIÐBRAGÐSÁÆTLUN VEGNA BRÁÐAMENGUNAR INNAN HAFNARSVÆÐIS

unnin í feb 2024

skv. reglugerð um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda
nr. 1010/2012

Hafnirnar á Sauðárkróki, Hofsósi og Haganesvík

EFNISYFIRLIT

1.	Yfirlýsing hafnarstjóra	2
2.	Tilkynningar	3
3.	Áhættumat	4
4.	Viðbragðsáætlun.....	7
	A. Starfsmenn Skagafjarðarhafna.	7
	B. Starfsmenn Brunavarna Skagafjarðar	7
	C. Búnaður - kröfur	7
	D. Aðgengilegur búnaður	8
	a. Búnaður geymdur hjá Brunavörnum Skagafjarðar	8
	b. Búnaður geymdur á hafnarsvæði á Sauðárkróki	9
	E. Þjálfun starfsmanna og mengunarvarnaæfingar	10
	Skýrslur um mengunaratvik á liðnu ári.....	10
5.	Uppgjör kostnaðar og gjaldtaka	11
	VIÐAUKI 1 – Hafnarsvæði Skagafjarðarhafna.....	12
	VIÐAUKI 2 - Ákvæði reglugerðarinnar sem snúa að höfnum.....	15

1. YFIRLÝSING HAFNARSTJÓRA

Þessi viðbragðsáætlun er unnin í samræmi við reglugerð um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda nr. 1010/2012. Hafnarstjóri Skagafjarðarhafna hefur látið útbúa meðfylgjandi viðbragðsáætlun til að uppfylla kröfur reglugerðarinnar.

Áætlunin gefur yfirlit yfir aðstæður á hafnarsvæðum Skagafjarðarhafna. Viðbrögð og aðgerðir sem áætlunin tilgreinir taka mið af þessum aðstæðum.

Markmiðið er að fljótt sé brugðist við ef bráðamengun verður innan hafnarsvæðanna og að viðbrögð hæfi tilefninu. Áætlunin gefur skýra mynd af þeim viðbrögðum sem Skagafjarðarhafnir áætla og er hugsuð sem verkfæri starfsfólks og annarra sem að koma, til að auðvelda skilvirk og árangursrík viðbrögð.

Stjórnendur og starfsfólk Skagafjarðarhafna leggja mikla áherslu á að gengið sé vel um höfn og hafnarsvæði félagsins. Það stuðlar að auknu öryggi starfsmanna og annarra sem um hafnarsvæðin fara og þar vinna. Íbúar og fyrirtæki á og í nágrenni hafnarsvæða, sem og aðrir íbúar, eiga að auki að geta gengið út frá góðri umgengni og verið stoltir af hafnarsvæðunum.

Meðferð úrgangs frá skipum lýtur sérstökum reglum. Fyrirtæki við höfnina skulu halda lóðum og nágrenni sínu snyrtilegu og nota móttökustöð sem íbúum stendur til boða af hálfu sveitarfélagsins, sem og þjónustu fyrirtækja á þessu sviði, eftir atvikum.

Áætlun þessari er skilað til samþykktar Umhverfisstofnunar fyrir 1. mars ár hvert, í fyrsta sinn árið 2016. Áætlunin er uppfærð og sett fram ásamt skýrslu um mengunarvarnaæfingar, mengunarvarnabúnað og mengunaratvik á liðnu ári. Afrit er sent til mengunarvarnaráðs hafna.

Viðbragðsáætlunin er aðgengileg starfsmönnum Skagafjarðarhafna á skrifstofu hafnarhússins. Áætlunin er einnig aðgengileg öðrum þeim sem þess óska á skrifstofu Skagafjarðarhafna., auk þess sem hún verður birt á hafnarvefnum.

Sauðárkrókur 6. Feb 2024

Dagur Þ. Baldvinsson, hafnarstjóri

2. TILKYNNINGAR

Reglugerð um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda nr. 1010/2012 gildir um óhöpp og atvik á sjó og landi sem leiða til hvers konar bráðamengunar hafs og stranda, viðbúnað og viðbrögð við þeim hér á landi, í lofthelgi og í mengunarlögsögu Íslands.

Tilkynningaskylda hvílir á þeim sem veldur mengun innan hafnarsvæðis eða verður var við hana, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar. Einnig ber að tilkynna óhöpp á skipum og bátum þar sem mengandi efni hafa lekið úr umbúðum og geta valdið mengunaróhöppum. Þetta gildir bæði fyrir mengunaróhöpp sem verða við starfsemi Skagafjarðarhafna og þeirra sem leigja svæði af Skagafjarðarhöfnum.

- Hver sá sem er valdur að eða verður var við bráðamengun **innan hafnarsvæðis** skal tafarlaust tilkynna um bráðamengunina til viðkomandi hafnarstjóra (hafnar).
Við slíka tilkynningu hefur starfsmaður samband við hafnarstjóra Skagafjarðarhafna sem metur hvort leitað verði liðsinnis Brunavarna Skagafjarðar við hreinsun eða hver séu önnur viðbrögð við óhappinu.
- Enn fremur er þeim sem verður var við bráðamengun heimilt að tilkynna um slík óhöpp beint til Brunavarna Skagafjarðar með því að hringja í 1-1-2. Í gildi er samningur Skagafjarðarhafna og BS (sjá síðar) um aðstoð vegna mengunaróhappa í höfnum Skagafjarðarhafna.
BS gerir Skagafjarðarhöfnum þá viðvart um tilkynninguna, vakthafandi bakvaktarmaður hefur samband við hafnarstjóra Skagafjarðarhafna, sem metur þörfina á aðgerðum.
- Hver sá sem er valdur að eða verður var við bráðamengun **á sjó utan hafnarsvæða** skal tafarlaust tilkynna um bráðamengunina til Vaktstöðvar siglinga.
- Um mengunaróhöpp á landi gilda lög um brunavarnir: Hver sá sem er valdur að eða verður var við mengunaróhöpp eða atvik **á landi** skal tilkynna það tafarlaust til viðkomandi slökkviliðs í samræmi við lög um brunavarnir (sími 1-1-2).
- Sé talið að **mönnum geti stafað hættu af menguninni** ber að tilkynna landlækni það tafarlaust.
- Ef mengun getur valdið **hættu fyrir íbúa eða eignir** skulu aðgerðir framkvæmdar í samráði við viðkomandi lögreglustjóra.
- Ef umfang eða eðli mengunar er slíkt að ætla megi að **almenningsi stafi hættu af** skal nota neyðarskipulag almannaavarna.

Hjá Skagafjarðarhöfnum hefur verið sett það viðmið, að ef magn mengandi efna er yfir 100 lítra sé það tilkynnt til viðkomandi heilbrigðisefirlits og Umhverfisstofnunar (annað hvort gerist það í gegnum höfnina sjálfa eða Brunavarna Skagafjarðar).

3. ÁHÆTTUMAT

Sviðmyndir									
#	Uppspretta	Atburður	Olíutegund	Magn olíu sem fer niður	Möguleg áhrif á umhverfið	Líkur	Afleiðingar	Áhætta	Höfn/hafnir
1	Óhöpp vegna starfsemi	Ýmiskonar sjá töflu 1	Ýmiskonar sjá töflu 1	<10 lítrar	Í lágmarki – slika á yfirborðinu	5	1	Lítill	Sauðárkrókur, Hofsós
2	Dæling úrgangsolíu	Dæling á úrgangsolíu	Ýmiskonar	<500 lítrar	Slika og olía við bryggju og svæði í kring	3	2	Lítill	Sauðárkrókur, Hofsós
3	Lítilir bátar	Eldsneytis-taka	Dísilolía	<100 lítrar	Slika og þunnt olíulag í höfninni	4	2	Lítill	Sauðárkrókur, Hofsós
4	Miðlungs stórir bátar/skip	Óhöpp tengd venjulegum rekstri	Ýmiskonar	<10 lítrar	Í lágmarki – slika á yfirborðinu	5	1	Lítill	Sauðárkrókur, Hofsós
5	Miðlungs stórir bátar/skip	Olía niður við dælingu	MGO/ MDO	<3m ³	Olíumengun alveg við uppsprettuna og í næsta umhverfi	3	3	Miðlungs	Sauðárkrókur, Hofsós
6	Miðlungs stórir bátar/skip	Strand /árekstur	MGO/ MDO auk annars konar olíu	<150m ³	Töluverð áhrif á þeim stað sem atburðurinn er og nálægum stöðum	2	3	Lítill	Sauðárkrókur, Hofsós
7	Stór skip	Óhöpp tengd venjulegum rekstri	Ýmiskonar	<10 lítrar	Í lágmarki – slika á yfirborðinu	5	1	Lítill	Sauðárkrókur
8	Stór skip	Olía niður við dælingu	MGO/ MDO/ HFO	<3m ³	Olíumengun alveg við uppsprettuna og í næsta umhverfi	3	2	Lítill	Sauðárkrókur
9	Stór skip	Strand /árekstur	MGO/ MDO/ HFO auk annars konar olíu	<2500m ³	Mikil áhrif á þeim stað sem atburðurinn er og nálægum stöðum	2	4	Miðlungs	Sauðárkrókur
10	Móttaka olíu (olíubirgðas töðvar)	Óhöpp tengd venjulegum rekstri	Ýmiskonar	<10 lítrar	Í lágmarki – slika á yfirborðinu	5	1	Miðlungs	Á ekki við
11	Móttaka olíu (olíubirgðastöðvar)	Leki við dælingu á olíu	Ýmiskonar sjá töflu 1	<3m ³	Olíumengun alveg við uppsprettuna og í næsta umhverfi	3	2	Lítill	Á ekki við
12	Móttaka olíu (olíubirgðas töðvar)	Strand/ árekstur	Ýmiskonar sjá töflu 1	<5000m ³	Mikil áhrif á þeim stað sem atburðurinn er og nálægum stöðum	2	4	Miðlungs	Á ekki við

Table 7 Risk Assessment Matrix

		Probability				
		1	2	3	4	5
Consequence	1					1,4,7,10
	2			2,3,8,11		
	3		6	5		
	4		9,12,14	13		
	5	15				

Key

Low	Medium	High
-----	--------	------

Table 4 Definition of Consequence Categories

Level of Consequences IMPACT	Description of Consequences – Environmental
1 Low	None or minor spill/release of pollutants without causing observable or measurable damage on habitats, species or ecosystem services with respect to ground state.
2 Medium Low	Moderate spill/release of pollutants, within site limits or immediate proximity causing observable or measurable short-term and reversible degradation on habitats, species or ecosystem services with respect to ground state.
3 Medium	Serious pollution affecting the site vicinity or third parties causing important observable or measurable damage on habitats, species or ecosystem services with respect to ground state. (In some areas the reference levels for environmental quality is exceed. Company is required to provide some remediation and/or compensation measures)
4 High	Major pollution extending beyond the site and its vicinity causing very serious and long-term environmental damages on habitats, species or loss of ecosystem services with respect to ground state. (In large areas it exceeds the reference levels for environmental quality; company is required to provide significant remediation and/or compensation measures; high probability of observable or measurable permanent residual damage on ecosystem services)
5 Very High	Catastrophic and widespread pollution with irreversible environmental consequences. (Observable or measurable permanent damages on habitats, species or loss of ecosystem services despite of applying remediation measures and/or significant compensation measures)

The probability of occurrence for the risks identified for the Icelandic coastline and ports and harbours is also divided into five categories with rankings of 1 to 5 (from remote to almost certain). The definitions of each probability are provided in Table 5.

Table 5 Definition of Likelihood Category Definitions

PROBABILITY	Description of Probability
1 Remote	Remote chance of happening. Very rare combination of factors.
2 Possible	May happen less than once during the facility/project lifetime/considered time period. Rare combination of factors.
3 Likely	Expected to occur in the facility/ project lifetime/ considered time period.
4 Very Likely	Expected to occur several times in the facility/ project lifetime / considered time period.
5 Almost Certain	Occurs once or more per year in the facility/ project lifetime / considered time period.

The resulting assessment for the current project is presented in the Risk Register in Table 6.

Í viðauka 1 við þessa áætlun er að finna yfirlitsmyndir af hafnarsvæðum sem heyra undir Skagafjarðarhafnir. Hafnir og hafnarsvæði eru nánar tiltekið þessi:

I. Sauðárkrókur

- Fremri garður
- Efri garður
- Suðurbryggja
- Trébryggja austan við Dögun Ehf
- 80 metra flotbryggja, 12 metra fingur.
- 60 metra flotbryggja, 8 og 6 metra fingur
- Gömul trébryggja

II. Hofsós

III. Haganesvík

Inn á yfirlitsmyndir af hafnarsvæðum eru færðar upplýsingar um staðsetningu mannvirkja og búnaðar sem mengunarhætta getur stafað af og merkt inn svæði sem teljast viðkvæm. Staðsetning mengunarvarnabúnaðar er einnig sýnd. Nánar tiltekið er um að ræða eftirfarandi:

- a. olú- og lýsisgeymar og lagnir frá þeim
- b. bryggjudælur fyrir smábáta
- c. úrgangsolúugeymar
- d. mengunarvarnabúnaður

4. VIÐBRAGÐSÁÆTLUN

A. Starfsmenn Skagafjarðarhafna.

Skv. 4. gr. reglugerðar um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda nr. 1010/2012 skal tilkynna um mengunaróhapp til hafnar. Sjá kafla 2.

**Hjá Skagafjarðarhöfnum er vakt allan sólarhringinn.
Hringja má í síma 4535169 og 8613478 eða 8933478.**

Starfsmenn hafnarinnar meta þörf á viðbrögðum, í samráði við hafnarstjóra Skagafjarðarhafna. M.a. er metið hvort þörf sé á liðsinni Brunavarna Skagafjarðar.

B. Starfsmenn Brunavarna Skagafjarðar

Einnig má tilkynna mengunaróhöpp/mengun beint með því að hringja í Neyðarlínuna, sími 1-1-2.

Skagafjarðarhafnir hafa gert samning við Brunavarnir Skagafjarðar um að „annast aðgerðir vegna mengunar innan hafnarsvæðisins“ eins og segir í yfirskrift samstarfs samningsins.

BS leggur til eigin mannskap og er skv. samningnum falin stjórn aðgerða á vettvangi við mengunaróhöpp á hafnarsvæði Skagafjarðarhafna, í samræmi við reglugerð um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda.

BS ráðfærir sig við Skagafjarðarhafnir um viðbrögð, þegar tilkynning berst um mengun/mengunaróhapp.

C. Búnaður - kröfur

Hafnir skiptast í þrjá flokka skv. 5. gr. reglugerðar um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda nr. 1010/2012.

Viðbrögð og mengunarvarnabúnaður vegna bráðamengunar fyrir hverja höfn fer eftir flokkun hafnar.

Lágmarksmengunarvarnabúnaður innan hafna eftir flokkum skal vera þessi, eins og tilgreint er í 6. gr. reglugerðarinnar:

Flokkur	Höfn/svæði, eins og það er tilgreint í reglugerð*	Lýsing á flokki skv. reglugerð	Lágmarks mengunarvarna-búnaður skv. reglugerð
I	Sauðárkrókshöfn	<i>Stórar olíuhafnir, iðnaðarhafnir og stærri flutningahafnir. Þangað koma olíuskip sem geta borið meira en 3.000 tonn af olíu og/eða skip stærri en 5.000 brúttótonn. Við höfnina er olíubirgðastöð og/eða margvísleg mengandi starfsemi.</i>	150-300 m af flotgirðingu, 1 olíuupptökutæki, ísogsefni, dreifiefni
II	Engar hafnir innan skagafjarða flokkast í þennan flokk	<i>Meðalstórar fiskihafnir og vöruflutningahafnir þar sem skip allt að 5.000 brúttótonn eða allt að 100 m löng koma alla jafna að bryggju.</i>	100-200 m af flotgirðingu, ísogsefni, dreifiefni
III	Hofsós og Hagnesvík	<i>Smábáta- og skemmtibátahafnir þar sem bátar styttri en 25 m leggjast yfirleitt að bryggju.</i>	Ísogsefni

D. Aðgengilegur búnaður

Mengunarvarnabúnaður og annar búnaður Skagafjarðarhafna er geymdur annarsvegar í hjá Brunavörnum Skagafjarðar, og hinsvegar á hafnarsvæði Skagafjarðarhafna á Sauðárkróki. Aðgengilegur mengunarvarnabúnaður á hafnarsvæðum hefur verið teiknaður inn á loftmyndir af svæðunum, sem eru viðauki 1 með þessari áætlun.

a. Búnaður geymdur hjá Brunavörnum Skagafjarðar

Eftirfarandi búnaður er geymdur hjá Brunavörnum Skagafjarðar og hefur BS umsjón með viðhaldi búnaðarins. BS sér um að koma búnaðinum á vettvang mengunaróhapps skv. samningi við Skagafjarðarhafnir og annast viðhald hans og endurnýjun. Búnaðurinn er reglulega yfirfarinn af BS, m.a. gangsetningar á vélbúnaði. Búnaðurinn er til reiðu til notkunar á öllum hafnarsvæðunum í Skagafirði.

Vélbúnaður		
	Fjöldi	Einingar
Rafstöðvar	1	stk.
Ljósastarar	2	stk.
Olíuupptökutæki	Ekkert eins og er	stk.
Dreifiefni (Uppsogsefni)	200	lítrar
Ísskóflur (Neistafríar)	4	stk.
Sjúkrabíll	1	stk.
Rafmagnssnúra	2	stk.
Bensínsbrúsar	2	stk.
Bensín	15	Lítrar
Slökkvífroða	800	lítrar
Brunadæla (FOX)	1	stk.
Laus froðustútur + jektor	1+1	stk.
Kerra fyrir brunadælu	1	stk.

b. Búnaður geymdur á hafnarsvæði á Sauðárkróki

Á fremri garði er mengunarvarnabúnaður með flotgirðingum (færanlegur búnaður). Eftirfarandi búnaður er að auki geymdur í lokuðu rými á hafnarsvæðinu á Sauðárkróki.

Búnaður		
	Fjöldi	Einingar
Baugur með ljósi	1	stk.
Hjálmar	5	stk.
Fötur	5	stk.
Rafmagnssnúra á kefli	1	stk.
Reipi	3*300	metrar
Hlífðargallar og stígvél	5	stk.
Akkeri	5	stk.
Flotvarnargirðing	200	metrar
Skóflur	5	stk.
Háprýstidæla	1	stk.
Rafstöð	1	stk.

E. Þjálfun starfsmanna og mengunarvarnaæfingar

Yfirlit og aðgerðaáætlun hafnarstjóra um þjálfun starfsmanna og æfingar

Samkvæmt gildandi samningi Skagafjarðarhafna og Brunavarna Skagafjarðar sér BS um þjálfun slökkviliðsmanna til að takast á við mengunaróhöpp. Æfingar eru á ábyrgð BS sem jafnframt ábyrgist að ávallt sé þjálfaður mannskapur til staðar til að stjórna búnaðinum ef óhapp verður.

Við yfirferð BS á búnaði er ennfremur farið yfir verklag við notkun á búnaðinum til að bregðast við mengunaróhöppum í höfnum, hvernig leggja eigi út mengunarvarnagirðingu, notkun á dreifiefni og fleira. Reglulega fara vaktir BS í vettvangsferðir á hafnarsvæði og kynna sér aðstæður og eru þá í góðu sambandi við hafnarstjóra Skagafjarðar. Stærri æfingar þar sem allur búnaður er prófaður með því að setja hann í sjó þarf að halda á nokkurra ára fresti. Mengunaróhöpp og -aðgerðir hafa markvisst verið nýtt til að læra af.

Nýting búnaðar sem Skagafjarðarhafnir geyma á sínum hafnarsvæðum krefst ekki sértækra, reglubundinna æfinga.

Skýrsla um mengunarvarnaæfingar

Yfirlit yfir æfingar Brunavarna Skagafjarðar er ekki tiltækt, en skv. samningi ábyrgist BS að ávallt sé mannskapur til staðar sem hafi þekkingu til að nota mengunarvarnabúnaðinn ef til óhapps kemur.

Skema vegna þjálfunar starfsmanna, skoðun búnaðar og skil gagna/skýrslu						
	Jan-Feb	Mar-Apr	Maí-Jun	Júl-Ágú	Sep-Okt	Nóv-Des
Búnaður skoðaður og endurnýjunarþörf metin	X (fyrir 1. mars)					
Skýrsla um mengunarvarnaræfingar send, einnig skýrsla um notkun búnaðarins og mat á ástandi hans og endurnýjunarþörf.	X (fyrir 1. mars)					
Viðbragðsáætlun endurskoðuð og send til mengunarvarna-ráðs hafna	X (fyrir 1. mars)					
Skrifborðsæfing starfsmanna		X				
Æfing með mengunarvarnabúnað hafnarinnar			X			
Áhættumat endurskoðað					X	
Útkallslisti endurskoðaður						X

Skýrslur um mengunaratvik á liðnu ári

Ekki hafa orðið mengunaróhöpp og -atvik á hafnarsvæðum Skagafjarðarhafna árið 2022. Yfirlit yfir mengunaróhöpp og -atvik verða sendar Umhverfisstofnun árlega hér eftir.

5. UPPGJÖR KOSTNAÐAR OG GJALDTAKA

Meginreglan við uppgjör kostnaðar vegna mengunaróhapps er sú, að mengunarvaldur greiðir fyrir aðgerðir. Það kemur þá í hlut Brunavarna Skagafjarðar að krefja mengunarvald um greiðslu í samræmi við gildandi lög vegna kostnaðar sem af mengunaróhappi hlýst.

Gjald fyrir ráðstafanir sem gripið er til við mengunaróhöpp eru:

- einingaverð fyrir útseldar vinnustundir
 - starfsmanna Skagafjarðarhafna sem að aðgerð koma
 - umsjónarmanna mengunarvarnabúnaðar og tilheyrandi búnaðar, þ.e. starfsmanna Brunavarna Skagafjarðar sem að aðgerð koma
- gjald fyrir notkun mengunarvarnabúnaðar
- gjald fyrir notkun annarra tækja og búnaðar Skagafjarðarhafna
- kostnaður sem á hafnirnar fellur vegna sérstakra aðgerða sem nauðsynlegt reynist að grípa til, s.s. leigu á viðbótarbúnaði, aðkeyptrar vinnu verktaka, o.fl.
- kostnaður vegna skemmda sem kunna að verða á eignum, aðstöðu eða búnaði hafnar eða annarra sem að aðgerðum koma

Lögveðsréttur í viðkomandi skipi eða fasteign fylgir innheimtu gjalds skv. þessum ákvæðum.

VIÐAUKI 1 – HAFNARSVÆÐI SKAGAFJARÐARHAFNA.


Eftirfarandi myndir veita yfirlit yfir hafnir Skagafjarðarhafna og tilheyrandi hafnarsvæði. Inná þær er merkt staðsetning mannvirkja og búnaðar sem mengunarhætta getur stafað af, auk þess sem viðkvæm svæði og staðsetning mengunarvarnabúnaðar hafnanna er sýnd.



Mynd 1. Yfirlitsmynd sem sýnir allt skilgreint hafnarsvæði Skagafjarðarhafna.



Mynd 2: Sauðárkrókur



Mynd 3: Hofsvík

Höfnin í Hagnesvík er ekki í notkun í dag (feb, 2020).

VIÐAUKI 2 - ÁKVÆÐI REGLUGERÐARINNAR SEM SNÚA AÐ HÖFNUM

Samantekt (febrúar 2016) á ákvæðum reglugerðar um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda nr. 1010/2012 um það sem snertir hafnirnar:

- 1. Viðbrögð við mengun - I. kafli**
 - a. Skylda um samráð, 4. gr.
 - i. Við lögreglustjóra ef mengun getur valdið hættu fyrir íbúa eða eignir
 - ii. Nýta neyðarskipulag almannavarna, ef almenningi stafar hættu af.
- 2. Búnaður – II. kafli**
 - a. Skylda hafna til að eiga búnað og viðhalda honum, 6. og 8. gr.
 - b. Byggt á stærðarflokkun hafna skv. 5. gr. reglug.
 - c. Fleiri hafnir mega eiga/reka hann í sameiningu, með samþ. UST, 1. mgr. 8. gr.
 - d. Þjálfar starfsfólk hafna til notkunar búnaðar, halda æfingar reglulega, 3. mgr. 8. gr.
 - e. Geyma hann á aðgengilegum stað, 4. mgr. 8. gr.
 - f. Ríkisstyrkur, ef höfn fellur undir þann flokk, skv. hafnalögum, 1. mgr. 8. gr.
 - g. Heimilt að semja við slökkviliðsstjóra um umsjón m. mengunarvarnabúnaði og stjórnun viðbragðs/framkvæmda á vettvangi, 6. mgr. 8. gr.
 - h. Aðgangur hafna, skv. ósk, að mengunarv.búnaði UST, 9. gr., 13. gr., 18. gr.
- 3. Viðbragðsáætlun – III. kafli**
 - a. Eigandi hafnar geri viðbragðsáætlun v. bráðamengunar innan hafnarsvæðis, 1. mgr. 11. gr.
 - b. Gera áætlun f. hverja höfn, sem tekur mið af aðstæðum á hverjum stað, 1. mgr. 11. gr.
 - c. Samþykkt UST á viðbragðsáætlun, 1. mgr. 11. gr.
 - d. Umsögn RLS og viðkomandi slökkviliðsstjóra ef við á (?), 1. mgr. 11. gr.
 - e. Áætlun birt á vefsíðu viðk. hafnar, 1. mgr. 11. gr.
 - f. Efni/innihald áætlunar, 1. mgr. 11. gr.
 - g. Skila uppfærðri viðbragðsáætlun til UST og afrit til mengunarvarnaráðs, fyrir 1. mars ár hvert, 2. mgr. 11. gr. Að auki fylgi:
 - i. yfirlit yfir mengunarvarnaæfingar árið á undan
 - ii. notkun búnaðar sl. árið
 - iii. mat á ástandi búnaðar og þörf á endurnýjun
 - iv. upplýsingar um bráðamengun í höfninni sl. árið og viðbrögð við henni
- 4. Framkvæmd og stjórn aðgerða á hafnarsvæði þegar bráðamengun verður - IV. kafli**
 - a. Ábyrgð hafnarstjóra á viðbrögðum skv. áætlun, 1. mgr. 13. gr.
 - b. Tilkynna skal til UST og heilbr.nefndar um leið og mengunar verður vart, 2. mgr. 13. gr.
 - c. Frekari viðbrögð, 13. gr.
 - d. Heimild hafnar til að fela mengunarvaldinum sjálfum að hreinsa, skv. áætlun sem hafnarstjóri samþykkir, 17. gr.
- 5. Hlutverk stofnana (UST) - VI. kafli**
 - a. UST: gera leiðbeiningar um viðbragðsáætlanir, 26. gr.
 - b. UST: yfirfara og samþykkja áætlanir hafnanna, 26. gr.
 - c. UST: birta upplýsingar frá höfnunum, 26. gr.
- 6. Gjaldtaka, ágreiningur ofl. - VIII. kafli**
 - a. kostnaður við flutninga og notkun á mengunarvarnabúnaði greiðist af þeim sem hefur óskar eftir og notar búnaðinn, sá aðili endurkrefur mengunarvald um greiðslu kostnaðar, 30. gr.
 - b. gjald f. notkun mengunarvarnabúnaðar - setja í gjaldskrá hafna sbr. hafnalög, lögveð, 30. gr.
 - c. Kæruheimild: Ráðherra úrskurðar um ágreining - t.d. um hvort um bráðamengun er/var að ræða, 33. gr.